

Sp.

115. Tillaga til þingsályktunar

[72. mál]

um brúargerð á Múlakvísl á Mýrdalssandi.

Flm.: Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

- a. að hefja á næsta ári undirbúning að brúargerð á Múlakvísl á Mýrdalssandi hjá Kaplagörðum;
- b. að setja á fjárlög fyrir árið 1950 fjárveitingu til byggingar brúarinnar, er miðist við það, að brúargerðinni verði lokið eigi síðar en sumarið 1951.

Greinargerð.

Nú undanfarin ár hefur mikið verið rætt og nokkuð ritað um að brúa Múlakvísl hjá Kaplagörðum. Hafa farið fram athuganir á brúargerð þarna, undir umsjá vegamálastjóra, og hefur komið í ljós, að þetta er vel framkvæmanlegt, en mun kosta allmikið fé. Það, sem meðal annars hefur ýtt undir þessar athuganir, hefur verið það, að brúin, sem nú er á Múlakvísl við Selfjall, hefur verið í hættu, vegna þess að vatnið hefur þar breytt sér, stundum hefur hlaðizt svo undir brúna, að vatnið hefur flætt yfir hana í vatnavöxtum og torveldað umferð.

Annað ekki veigalítið atriði í þessu sambandi er það, hversu óhagkvæm brúin hjá Selfjalli er fyrir vegfarendur, vegna snjóalaga að vetrinum, mikillar vegalengdar og erfiðs vegar. Vegalengdin frá Vík um Höfðabrekkuheiðar að Múlakvísl er um 20 km; sú leið er sem sagt öll fjallendi upp og ofan, sem er erfið bílum og þar af leiðandi benzínfrek. Líka er viðhald vegarins á þessari leið oft mjög dýrt, sökum legu hans. Auk þess er svo þessi vegur alltaf á hverjum vetri ófær lengri eða skemmri tíma, vegna snjóalaga, sem eðlilegt er, þar sem hann liggur um háfjöll, nærfellt inn að jökli. Dæmi eru til, að hann hefur verið að mestu ófær frá því í nóv. og þar til seint í maí.

Ef að því ráði yrði horfið að færa veginn og brúa Múlakvísl hjá Kaplagörðum, losnar leiðin við allt fjallendi; þá liggur vegurinn eftir Mýrdalssandi, þar sem ekki er nein þörf vegagerðar eða neins konar vegaviðhalds; auk þess er sú leið miklu snjóléttari og mundi flest ár vera fær allan veturinn. Líka yrði sá vegur styttri yfir Mýrdalssand, svo að muna mundi því, að bílar færu þá leið frá Vík í Álftaveri á $\frac{1}{2}$ — $\frac{3}{4}$ úr klst., en nú eru þeir, eftir veginum um Selfjall, frá $1\frac{1}{2}$ —2 klst. Sá munur á þessum leiðum stafar ekki allur af meiri vegarlengd, heldur að miklu leyti af því, hversu vegurinn yfir Höfðabrekkuheiðar er brattur og erfiður.

Bílstjórar, sem kunnugir eru á þessari leið, telja, að ef brú væri á Múlakvísl við Kaplagarða og vegurinn þar yfir Mýrdalssand væri farinn, þá mundi sparast allt að 50 kr. í rekstrarkostnaði fyrir hlaðinn flutningabíl hvora leið. — Ég hef nú í sumar gert ráðstafanir til að athuga, hvað margir bílar fóru þessa leið mánuðina maí—nóv. í ár. Niðurstöðuna af þessu hef ég ekki fyrir hendi sem stendur. En líklegt tel ég, að gera megí ráð fyrir allt að 2000 bílum yfir árið eða kannske meira. Yrði þá rekstrarsparnaður bilanna, sem þarna fara um á ári, við það að geta farið yfir Múlakvísl hjá Kaplagörðum, allt að 100 þús. kr. — Er það enginn smáræðis skildingur, og svo þegar við það bætist, að vegaviðhald yfir Höfðabrekkuheiðar hyrfi úr sögunni, tel ég alveg sýnt, að þessi brúargerð mundi á skömmum tíma fjárhagslega borga sig.

Erlendan gjaldeyri til brúar á Múlakvísl hjá Kaplagörðum mundi þurfa tiltölulega lítinn, saman borið við kostnað verksins, þar sem mestur hluti af kostnaðinum liggur í varnargarði, sem róta má upp með jarðýtum.